



## Yngsta stig - Svona erum við

1.-4. bekkur



**Grundaskóli**  
Akranesi



### Leiðarljós Grundaskóla

Lögð er áhersla á að einkunnarorð skólans samvinna, traust og virðing séu lífandi í skólastarfinu en ekki bara orð á blaði. Nemendum er treyst og ætlast til að nemendur og starfsfólk umgangist hvert annað af virðingu og vinsemd. Leitast er við að hafa andrúmsloftið notalegt svo öllum geti liðið vel og að nemendur fái viðfangsefni og kennslu við hæfi.

### Skipulag námsins

Á yngsta stigi hafa umsjónarkennarar umsjón með flestum námsgreinum. Mikil samvinna er innan árganga á stiginu. Sett eru þau markmið að samfella sé í námi nemandans. Í upphafi skólagöngu er áhersla lögð á að nemandinn sé í forgrunni þar sem ýmis verkefni eins og t.d. Stóra bókin eru unnin út frá honum sjálfum og hans nánasta umhverfi. Smám saman er síðan sjóndeildarhringur nemandans víkkaður þegar unnið er með heimabæinn Akranes í 3. bekk og í 4. bekk er heimalandið Ísland tekið fyrir. Stór þemu sem ná yfir allan skólann eru einnig fastur liður í skólastarfinu. Þá starfa allir nemendur og starfsfólk saman í blönduðum hópum að einu stóru verkefni sem iðulega endar með sýningu fyrir foreldra.

#### Sérstök verkefni

- Brúum bilið (samstarf milli leikskóla og 1. bekkjar)
- Stóra bókin (1. og 2. bekkur)
- Bærinn minn (3. bekkur)
- Ísland (4. bekkur)

### Kennsluhættir/verklag

Á stiginu er m.a. unnið með Uppeldi til ábyrgðar, Hugarfrelsi, Byrjendalæsi og Orð af orði. Lögð er áhersla á samvinnu í árgöngum og unnið er ýmist í hópavinnu, paravinnu eða einstaklingsvinnu. Þemavinnu er jafnframt algeng þar sem leitast er við að samþætta námsgreinar og hafa kennsluáðferðir



fjölbreyttar og skapandi. Einnig er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og góða samvinnu þar sem sjálfstæði nemenda er eftt svo þeir geti tekið meiri ábyrgð á námi sínu með auknum þroska og aldri.

### Uppeldi til ábyrgðar

Í Grundaskóla fylgjum við uppeldisstefnu sem ber nafnið: Uppeldi til ábyrgðar. Aðaláherslan er lögð á jákvæð samskipti og að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og aga. Auk þess er markmiðið að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, geti lært af mistökum í samskiptum og þekki sína eigin styrkleika.

### Hugarfrelsi

Unnið hefur verið með aðferðir Hugarfrelsis frá haustinu 2017. Hugarfrelsi er aðferð til að bæta líkamlega og andlega líðan barna í leik og starfi. Lögð er áhersla á að nýta djúpa öndun, slökun og hugleiðslu með nemendum til að auka vellíðan, einbeitingu og hugarró. Einnig er lögð áhersla á að nemendur komi auga á styrkleika sína, taki ábyrgð á eigin líðan með því að velja jákvæðni fremur en neikvæðni, taki ábyrgð á framkomu sinni og séu meðvitaðir um hvernig vinur þeir vilja vera. Alla mánudaga og miðvikudaga enda nemendur á yngsta stigi skóladaginn sinn á slökun.

### Læsiskennsla

Sú kennsluáðferð sem lögð er til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluáðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Aðferðin gengur í raun út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Rík áhersla er lögð á samvinnu nemenda samhliða því sem einstaklingsþörfum er mætt, óháð lestrarfærni. Í framhaldi af þeirri vinnu er kennsluáðferðinni Orð af orði beitt þar sem áhersla er lögð á að rýna í fjölbreytileika tungumálsins. Meginmarkmið aðferðarinnar er að nemendur geti nýtt orðaforða sinn á fjölbreyttan hátt og efli skilning sinn í tengslum við mál, lestur og nám.





### Námsmat

Við leggjum áhersla á að námsmatið sé fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemendur. Á skólaárinu fara fram tvö foreldraviðtöl, eitt á haustönn og eitt á vorönn þar sem nemandi og foreldrar/forráðamenn ásamt kennara fara yfir námsstöðu og líðan nemenda. Fyrir utan þessi tvö viðtöl eru aðstandendur ávallt velkomnir í skólann. Upplýsingar um námsmat er hægt að nálgast í Mentor.

### Heimanám

Heimanám á yngsta stigi er í formi lestrar þar sem samstarf á milli heimilis og skóla skiptir sköpum í eflingu lestrarfærni nemenda. Það er stefna Grundaskóla að lestrarfærni sé forsenda annars náms og því er lögð áhersla á að allir nemendur nái góðri lestrarfærni sem nýtist þeim til gagns og gamans. Nemendur eru aðstoðaðir við að finna lestrarfærni við hæfi og lögð er áhersla á daglegan heimalestur bæði upphátt og í hljóði. Annað heimanám er undir nemendum og foreldrum komið.

### Foreldrasamstarf

Vel er tekið á móti foreldrum/forráðamönnum og viljum við að samstarfið sé gott á milli heimilis og skóla. Foreldrar skulu vera vel upplýstir um skólastarfið og er upplýsingum miðlað reglulega í tölvupósti og í Mentor. Einnig er dagbókin Spegillinn nýtt til að koma upplýsingum á framfæri milli heimilis og skóla.

### Brúum bilið í 1. bekk

Samstarf leik- og grunnskólanna á Akranesi undir yfirskriftinni „Brúum bilið“ hefur verið fastur liður í skólastarfinu í mörg ár. Markmiðið með samstarfinu er m.a. að tengja skólastigin saman sem við teljum að stuðli að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun. Undanfarin ár hafa verið haustskóli í október og vorskóli í mars. Nemendur af elstu deildum leikskólanna koma þá í heimsókn í sinn verðandi skóla í þrjá daga hvort tímabil og nemendur í 1. bekk fara sömuleiðis í heimsókn á sinn gamla leikskóla. Umsjónarkennarar og nemendur í 1. bekk taka á móti leikskólabörnunum með skipulagðri stöðvavinnu ásamt leikskólakennurum. Einnig er samsöngur og leikjastund einn dagpartinn.

Samhliða haust- og vorskólanum eru haldnar tvær sameiginlegar söngstundir önnur í Grundaskóla og hin í Brekkubæjarskóla.

Til að ljúka þessu skemmtilega samstarfi vetrarins hittast börnin á íþróttadegi í Akraneshöllinni. Þar sem leikskólakennarar hafa skipulagt stöðvar með ýmsum leikjum.

### Stoðþjónusta

Grundaskóli starfar eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Í stoðþjónustu starfa þverfagleg teymi í samvinnu við umsjónarkennara. Í stoðþjónustunni eru sérkennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, námsráðgjafar og ráðgjafi. Boðið er upp á sérkennslu og stuðning við nemendur sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur, fá meiri stuðning



og námsaðstoð eftir þörfum. Markmið stoðþjónustunnar er að styðja við nemendur, námslega og félagslega.

### Félagsfærni

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að börn öðlist færni í félagslegum samskiptum, læri að tilheyra og taka þátt í skólastarfinu eftir bestu getu.

Í 1. og 2. bekk taka nemendur þátt í Vináttu sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Vináttu felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Unnið er með fjögur megin hugtök í gegnum umræður og fjölbreytt verkefni þar sem börn fá tækifæri til þess að nýta styrkleika sína og leggja sitt af mörkum til að vera góður félagi og sýna vináttu með umhyggju, umburðarlyndi, virðingu og hugrekki að leiðarljósi.

Í 3. bekk er unnið eftir námsefninu Vinir Zippýs sem stuðlar að eflingu tilfinningaþroska og félagsfærni nemenda. Nemendur læra að átta sig á eigin tilfinningum, fá þjálfun í að tjá sig um líðan sína við aðra og öðlast færni við að bjarga sér í erfiðleikum sem upp geta komið í daglegu lífi og geta nýtt sér þá færni við aðstæður sem þeir kunna að standa frammi fyrir í framtíðinni.

Í 4. bekk er boðið upp á námskeið í Snillingum sem er námskeið sérstaklega ætlað börnum með ADHD. Markmið námskeiðsins er að auka færni barna í félagslegum samskiptum, tilfinningastjórn, skapstillingu og athygli.

### Umferðarfræðsla - Göngum í skólann

Strax við upphaf skólagöngu er áhersla lögð á mikilvægi þess að nemendur þekki öruggustu leiðina í skólann og helstu umferðarmerki. Nemendur í 1. bekk fá að gjöf endurskinsvesti að hausti og reiðhjólahljóm að vori ásamt því sem allir nemendur fá endurskinsmerki að gjöf einu sinni á hverju skólaári. Skólinn hvetur allra nemendur til að koma gangandi eða hjólandi í skólann þannig minnkar umferð í kringum skólasvæðið og öryggi allra eykst.

Grundaskóli hefur undanfarin ár tekið þátt í verkefninu Göngum í skólann. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni“. Á lokadegi verkefnisins er skrúðganga allra nemenda og starfsfólks sem endar í Akraneshöllinni þar sem fjölbreyttir leikir eru í boði. Á þeim degi eru einnig veitt verðlaun, Gullskórin en þau verðlaun hlýtur sá árgangur sem nýtir sér oftast virkan ferðamáta.

### List og verkgreinar

Í skólastarfi Grundaskóla er lögð áhersla á skapandi vinnu og verkefni með nemendum. Verkefnaval í list- og verkgreinum er oft í tengslum við bækur, þemavinnu og söguramma sem árgangar eru að vinna í hverju sinni. Tvisvar í viku fara nemendur af yngsta stigi í blönduðum hópum innan árgangsins í list- og verkgreinar, klukkutíma í senn. Nemendur eru á hverju svæði í fyrirfram ákveðinn tíma. Í list- og verkgreinum er boðið upp á heimilisfræði, hreyfistund, myndmennt, textílmennnt, tónmennt og smíðju.





### Samsöngur

Skólakór Grundaskóla hefur verið starfandi samfleytt frá árinu 2011. Kórinn starfar nú í tveimur aldursskiptum hópum. Nemendur í 3. og 4. bekk eiga kost á að syngja með yngri hópnum. Kórinn syngur á ýmsum viðburðum tengdum bæjar- og skólalífinu, tekur þátt í árhátíð Grundaskóla og jólaskeiðunum. Þá eru heimsóknir á dvalarheimilið og í leikskóla bæjarins fastur liður í starfi kórsins. Allir nemendur í 2.-4. bekk fara í samsöng hjá tónmenntakennara tvisvar í mánuði. 1. bekkingar eiga sinn eigin samsöngstíma í hverri viku. Í samsöng syngjum við ýmis lög, gömul og ný. Lögð er áhersla á að tengja tónlistina við árstíðir, hátíðir og það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni.

### Íþróttir og sund

Nemendur fara í íþróttir tvisvar sinnum í viku og sund einu sinni viku. Nemendur í 1. bekk fara ekki í sund fyrr en í apríl og maí og þá fá þeir um 20 sundtíma. Í íþróttum er mælt til þess að nemendur séu í þægilegum íþróttfatnaði en ekki er þörf á íþróttaskóm. Í sundtímum eru nemendur hvattir til þess að nota sundgleraugu og klæðast sundfatnaði sem hentar vel til æfinga.

### Frímínútur

Nemendur fara út í frímínútur á hverjum degi og því er mikilvægt þeir komi klæddir eftir veðri.

### Næring

Ætlast er til að nemendur komi með hollt og gott nesti að heiman. Ekki á að koma með drykki að heiman þar sem gott aðgengi er að vatni og þeim býðst að kaupa mjólk. Tvisvar í viku er boðið uppá ávaxtastund. Skráning í hana fer fram á matartorg.is.

Í hádeginu er boðið upp á heitan mat í mötuneyti skólans. Foreldrar hafa val um að skrá börnin sín í mat alla daga eða velja stakar máltíðir. Skráning fer fram á matartorg.is og þar er jafnframt að finna upplýsingar um þann mat sem í boði er. Lykilorð inn á matartorg er hægt að nálgast hjá ritara skólans.

### Vordagar

Í lok hvers skólaárs eru svokallaðir Vordagar í Grundaskóla þar sem allir nemendur í 1.-9. bekk taka þátt. Við skipulag vordaga er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með fjölbreyttum kennsluáttum. Viðfangsefni eru margvísleg þar sem áhersla er lögð á útvíst og ferðir um Akranes og nágrenni. Árgöngum er blandað saman til að nemendur kynnist innbyrðis. Vordagarnir eru ómissandi hluti af skólalífinu.



### Breytum krónum í gull

Um árabíl hafa nemendur í Grundaskóla styrkt hjálparstarf Rauða krossins í Malaví. Upphafið að því var að nemendur skólans ákváðu að hætta að gefa hver öðrum jólagjafir á Litlu-jólunum en láta samsvarandi upphæð renna í Malavísöfnun. Með árunum hefur þessi söfnun öðlast stærri sess í skólalífinu. Síðustu ár hafa nokkrir dagar verið lagðir undir þemavinnu þar sem búnir hafa verið til ýmis varningur sem seldir hafa verið á Malaví markaði sem haldinn er í skólanum. Enn fremur hafa nemendur fræðst um mannréttindi, fjölmenningu og gildi þess að láta gott af sér leiða.

### Veikindi nemenda

Við viljum hvetja ykkur til að nota Mentor til að skrá veikindi barna ykkar. Það er mun fljótlegri þar sem mikið álag er á símanum fyrst á morgnana. Til þess að skrá veikindi er farið inn á fjölskylduvefinn á spjald barnsins, hægra megin efst. Undir ástundun er tengill sem á stendur, skrá veikindi. Mest er hægt að skrá tvo daga í senn. Þegar ritari skólans hefur móttekið veikindaskráninguna, fá foreldrar sjálfkrafa senda tilkynningu til staðfestingar á skráningunni.

### Leyfi nemenda

Foreldrar/forráðamenn geta ekki sótt um leyfi fyrir börn sín inn á Mentor. Þeir verða að tilkynna það til ritara. Ef um lengri leyfi er að ræða er mikilvægt að umsjónarkennari sé upplýstur og í framhaldinu þarf að sækja um leyfi og fylla út sérstakt eyðublað sem er hjá ritara á skrifstofu skólans. Nám nemenda í leyfum og öll sú röskun er kann að verða á því er ábyrgð foreldra.

### Frístund

Foreldrar/forráðamönnum gefst kostur á að skrá börn sín í skipulagt frístundastarf, eftir að skóladegi lýkur og til klukkan 16:15. Frístundaheimilið Grundasel er starfrækt fyrir börn í 1. og 2. bekk í Grundaskóla og Krakkadalur í Frístundamiðstöðinni Þorpínu er fyrir börn í 3. og 4. bekk.

Í frístund er lögð er áhersla á að þroska félags- og samskiptafærni í gegnum leik og starf, sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Leikur er afar mikilvægur á fyrstu árum barnsins. Hann er hin eðlilegasta leið barnsins til náms. Í leik getur barnið innbyrgt og upplifað mikla reynslu sem eykur líkamsþroska, félagsþroska og tilfinningaþroska.





## **SAMVINNA - TRAUST - VIRÐING**

